

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Heiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	BASTA Canadian De-Icer
Vörunúmer:	4918030
Notkunarsvið:	Ísvari
Framleiðandi:	Basta Active Car Care A/S DK-2800 Kongens Lyngby Danmörku
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur
Sími:	440 1000
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk: Vöruna skal merkja samkvæmt gildandi reiknireglum flokkunarleiðbeininga EB fyrir efnablöndur. Getur haft slævandi áhrif á fólk.

Hætta fyrir umhverfi: Varan er mjög eldfim. Gufa getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB, skv. REACH Viðauka XIII.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Flokkun vörunnar (DPD): (EB 67/548, 1999/45)

F+ Afar eldfimt
Xi Ertandi



Afar eldfimt



Ertandi

Hættusetningar: H12 Afar eldfimt
H36 Ertir augu
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar: V2 Geymist þar sem börn ná ekki til
V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar
V23 Varist innöndun gufu/úða
V24/25 Varist snertingu við húð og augu
V46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar
V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað

Flokkun vörunnar (GHS): (EB 1272/2008)

Hættumerki:



GHS 02



GHS07

Hættusetningar: H222 Afar eldfimt úðæfni
H319 Veldur alvarlegri augnertingu
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.

Eldf. Úðæfni undirfl. 1
Augnert. Undirfl. 2
Sértæk eiturrhif á marklíffæri – várhif í eitt skipti undirfl. 3

Annað: Úðabrúsi, haldið fjarri hita- og neistagjöfum og hitastigi yfir 50°C. Innihald er afar eldfimt og sprengifimar blöndur gufu og lofts geta myndast við herbergishita. Gatið ekki brúsa jafnvel þótt hann teljist tæmdur. Úðið ekki á opinn eld eða heita fleti.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Inniheldur: Efnablanda, virk efni ásamt drifgasi.

Efni	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	CLP flokkun 1272/2008	H-setningar	Hættuflokkun
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	200-661-7	67-63-0	50-100	H225 Eldf. loft. 2, H319 Augnert. 2, H336 SEM-VES 3	H11, H36, H67	F, Xi
Própan- 1,2-díól	200-338-0	57-55-6	10<25	Skilgreind mengunarmörk í atvinnuumhverfi.	-	-
Koldíoxíð	204-696-9	124-38-9	2,5-<10	H280 Loft. u. brýst.	-	-

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins og H- og V- setningar í 2. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt: Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun: Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki skjótt.

Inntaka: Gefið þeim slasaða mikið af vatni að drekka sé hann með fullri meðvitund. Framkallið EKKI uppköst. Leitið læknis.

Snerting við húð: Hreinsið húð vandlega með mildri sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Varan ertir yfirleitt ekki húð.

Snerting við augu: Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Slökkvibúnaður: Nota má öll algeng slökkviefni, alkóhólþolna froðu, duft, koldíoxíð, vatnsúða. Forðist þó að nota beinan vatnsgeisla. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið einnig vatnsúða til að draga úr myndun gufu.

Almenn viðbrögð: Eldfimt, haldið fjarri hita- og neistagjöfum. Gætið að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Hættuleg myndefni: Kolmónoxíð og koldíoxíð.

Sérstakur hlífðarbúnaður: Sjálfstæður öndunarbúnaður getur reynst nauðsynlegur.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir: Haldið fólki fjarri. Forðist snertingu við augu eða húð. Notið hanska við mikinn leka. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri hita- og neistagjöfum. Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið.

Ráðstafanir v. umhverfis: Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsunaraðferðir: Notið klúta eða ísogsefni t.d. sand, sag, mold eða kísilgúr til að hreinsa efnið upp. Setjið upphreinsað efni í vel lukt flát, safnið tómum umbúðum, og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

7. Meðhöndlun og geymsla

- Meðhöndlun:** Forðist innöndun gufu eða úða. Forðist snertingu við húð og augu. Gætið hreinlætis. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Haldið fjarri eldi, neistagjöfum eða stöðurafmagni. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
- Geymsla:** Geymið í upphaflegum umbúðum, vel luktum, við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Geymist þar sem börn ná ekki til. Geymist fjarri beinu sólarljósi, eld- og neistagjöfum. Geymsluhitastig undir 50° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15 mín ppm	Þakgildi 15 mín mg/m ³	Athugasemd
Própan-2-ól (ísóprópanól)	400	999	500	1250	Mengunarmörk á vinnustað
Própan- 1,2-díól		474*/10**			Mengunarmörk á vinnustað * =Gufa og úði, ** = úði
Koldíoxíð	5000	9150	27400	15000	Mengunarmörk á vinnustað

Derived no effect level (DNEL)

Atvinnuotendur:

Efni	Húð	Innöndun
Própan-2-ól (ísóprópanól)	888 mg/kg/dag DNEL, langvinn snerting	500 mg/m ³ DNEL langvinn snerting

Neytendur:

Efni	Húð	Innöndun	Inntaka
Própan-2-ól (ísóprópanól)	319 mg/kg/dag DNEL, langvinn snerting	89 mg/m ³ DNEL langvinn snerting	26 mg/kg/dag DNEL, langvinn snerting

Persónuhlífar:

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk vörunnar innan mengunarmarka. Notið öndunarbúnað sé það ekki unnt. Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Öndunarfæri:

Við skammvina snertingu, má nota öndunargrímu með síu. Slugerð: AX/P2.

Hendur:

Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmí. (EN374) Efnisþykkt >0,4 mm. Ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þöli hlífðarhanska gagnvart vörinni. Aðrir þættir, t.d. hitastig, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.



Augu:

Öryggisgleraugu með hliðarvörn. Hafið augnskol á vísium stað.



Almennt:

Veljið hlífðarbúnað með tilliti til verkefnisins og gætið þess að hann hæfi aðstæðum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi (úðabrúsi,- aerosol)
Litur:	Sjá vöruleiðbeiningar
Lykt:	Einkennandi
Suðumark:	82°C
Lægri sprengimörk í lofti:	2,0%
Hærri sprengimörk í lofti:	12,6%
Gufubrýstingur (20°C):	43,0% hPa
Blossamark:	13°C
Sjálftendrunarmark:	371°C
Eðlismassi (20°C):	0,85 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Torleysanlegt.
Innihald lífrænna leysiefna:	96,7%

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

- Stöðugleiki:** Stöðugt við venjulega notkun og aðstæður.
- Aðstæður að varast:** Hátt hitastig, opinn eldur, neistar og aðrir íkveikjuvaldar.
- Hættuleg niðurbrotsefni:** Við venjulega notkun er ekki hætt á niðurbroti.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð eiturrhif:

Innöndun: Gufa er skaðleg við langvinna eða endurtekna snertingu.

Snerting við húð: Affitar húð. Veldur ekki ertingu.

Snerting við augu: Ertir augu.

Efni:	Gildi	Magn	Mæliaðferð
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LD ₅₀	5840 mg/kg inntaka rotta	
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LD ₅₀	13900 mg/kg ísog kanína	
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LC ₅₀	25000 mg/m ³ /6 klst innöndun rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhif: Varan er talin geta valdið minni háttar skaða á vatnsumhverfi. Forðist að sleppa vörinni óþynntri eða í miklu magni í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Efni:	Stærð	Gildi	Dýrategund	Aðferð
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LC ₅₀	9640 mg/l (96 klst)	Fiskar	
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LC ₅₀	9714 mg/l (24 klst)	Daphnia Magna	
Própan-2-ól (Ísóprópanól)	LOEC	1000 mg/l (8 d)	Þörungar	

13. Förgun

Vara: Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.

Umbúðir: Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálf.

14. Flutningar

ADR

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1 - 5F
Magntakmörkun: 1L



IATA:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1



IMDG:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Sjávarmengandi: -



15. Lög og reglugerðir

VOC innihald: 96,71% **Vara:** 824,9 g/l

Annað: Úðabrúsi, haldið fjarri hita- og neistagjöfum og hitastigi yfir 50°C. Innihald er afar eldfimt og sprengifimar blöndur gufu og lofts geta myndast við herbergishita. Gatið ekki brúsa jafnvel þótt hann teljist tæmdur.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

	H12	Afar eldfimt
	H36	Ertir augu
	H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima
Hættusetningar:	H222	Afar eldfimt úðaefni
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H336	Getur valdið sljóleika eða svima.
	H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, gæti sprungið við upphitun
Útgáfa:	1	
Dags:	03.06.2012	

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efnis-eiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **BASTA ACTIVE CAR CARE A/S: SAFETY DATA SHEET**

BASTA CANADIAN DE-ICER

Útgáfa: 10.10.2011